

# Reykjaneshöfn

---

Ársreikningur

---

**2013**

---

Reykjaneshöfn  
Víkurbraut 11  
230 Reykjanesbær  
kt. 410190-1099

# Reykjaneshöfn

---

Ársreikningur

---

**2013**

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Áritun stjórnar og hafnarstjóra	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-15

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Reykjaneshafnar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Reykjaneshafnar fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum síðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit


Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.


### Ábendingamálsgrein

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu nr. 15 með ársreikningnum þar sem fjallað er um erfiða fjárhagsslega stöðu hafnarinnar og þá óvissu sem ríkir um rekstrarhæfi hennar. Þar kemur meðal annars fram að framtíðaráætlanir hafnarinnar byggja á því að kísilver og vatnsverksmiðja muni rísa í Helguvík og að Reykjanesbær sem ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum hafnarinnar muni leggja höfninni til fé á næstu árum.

Reykjanesbær, 7. mars 2014

Deloitte ehf.

  
Guðmundur Kjartansson  
endurskoðandi

  
Helga Erla Albertsdóttir  
endurskoðandi

# Áritun stjórnar og hafnarstjóra

Ársreikningur Reykjaneshafnar fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tap Reykjaneshafnar á árinu 2013 nam kr. 650.503.476. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir hafnarinnar kr. 2.863.388.156, bókfært eigið fé í árslok er neikvætt um kr. 4.471.542.081 og er eiginfjárlutfall neikvætt um 156,2%.

Stjórn Reykjaneshafnar leggur til að tap ársins verði flutt á eigið fé til jöfnunar síðar.

Reykjanesbær lagði til við rekstur hafnarinnar á árinu 2013 víkjandi lán að fjárhæð 151,8 milljónir króna. Að auki hefur höfnin endurfjármagnað afborganir að fjárhæð 109 milljónir króna hjá Lánasjóði sveitarfélaga á árinu.

Helguvík er kominn inn á stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2014 - 2017 í tillögu að þingsályktun sem lögð var fyrir Alþingi 20. desember 2013.

Stjórn væntir að framkvæmdir við nýtt kísilver muni hefjast á árinu 2014. Jafnframt væntir stjórn og framkvæmdastjóri þess að fyrirtæki er bíða kísilvers muni hefja framkvæmdir samhliða framkvæmdum kísilversins. Einnig telur stjórn og framkvæmdastjóri miklar líkur á að Brúarfoss hf. hefji framkvæmdir við lóð sína að Stakksbraut 6 sumarið 2014. Thorsil ehf. hefur einnig fengið vilyrði fyrir lóð undir kísilver í Helguvík og vinnur að umhverfismatsskýrslu um framkvæmdina með aðstoð Mannvits hf. Lóðagjöld, fjárfestingar og framtíðar tekjur þessara fyrirtækja auk álvers Norðuráls mun tryggja rekstrarhæfi hafnarinnar á komandi árum.

Einnig væntir stjórn og framkvæmdastjóri að nýtt stjórnarfrumvarp um hafnalög sem lagt var fram á Alþingi þann 11. desember 2013 muni tryggja aðkomu ríkisins að hafnarframkvæmdum og uppbyggingu innviða vegna atvinnustarfsemi í Helguvík.

Að álitum stjórnar og hafnarstjóra Reykjaneshafnar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og hafnarstjóri Reykjaneshafnar staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 7. mars 2014

## Í stjórn



Einar Magnússon


formaður



Björk Þorsteinsdóttir



Agnar Breiðfjörð Þorkelsson



Erlingur Bjarnason



Silja Dögg Gunnarsdóttir

## Framkvæmdastjóri



Pétur Jóhannsson

## Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýr.	2013	2012	Fjárhags- áætlun 2013
<b>Rekstrartekjur</b>				
Seld þjónusta.....		169.848.290	140.097.273	139.190.000
Leigutekjur .....		40.135.836	38.058.804	37.300.000
Efnissala úr námu Helguvík .....		0	2.532.531	0
Aðrar tekjur .....		9.284.500	279.684	175.000.000
		<u>219.268.626</u>	<u>180.968.292</u>	<u>351.490.000</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld .....	3	76.483.201	65.441.623	65.400.000
Hækkun lífeyrisskuldbindingar.....	12	4.834.143	3.449.837	0
Námuvinnsla vegna efnissölu .....		0	1.899.398	8.000.000
Annar rekstrarkostnaður.....		71.387.534	63.670.085	79.675.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		16.506.148	18.118.140	20.240.000
Afskriftir mannvirkja og annarra eigna .....	6	46.034.891	46.246.829	46.786.000
		<u>215.245.917</u>	<u>198.825.912</u>	<u>220.101.000</u>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b>		4.022.709	( 17.857.620)	131.389.000
Fjármunatekjur.....	4	1.022.373	904.723	400.000
Fjármagnsgjöld.....	5	( 655.548.558)	( 650.122.006)	( 642.423.000)
<b>Tap ársins</b>		<u>( 650.503.476)</u>	<u>( 667.074.903)</u>	<u>( 510.634.000)</u>

# Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
<b>Fastafjármunir</b>			
Hafnarmannvirki .....	6	2.115.219.385	2.153.492.804
Fasteignir .....	6	28.041.838	28.912.866
Hafnsögu- og dráttarbátur .....	6	30.266.584	31.748.322
Áhöld og tæki .....	6	9.325.312	10.830.291
Lóðir og lendur.....	7	511.991.725	481.320.863
Efnisbirgðir.....	8	130.261.089	130.261.089
		<u>2.825.105.933</u>	<u>2.836.566.235</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur.....	9	31.133.982	39.367.145
Bankainnstæður og sjóðir.....	9	7.148.241	8.885.008
		<u>38.282.223</u>	<u>48.252.153</u>
<b>Eignir</b>		<u><u>2.863.388.156</u></u>	<u><u>2.884.818.388</u></u>

## 31. desember 2013

<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>31.12.2013</b>	<b>31.12.2012</b>
<b>Eigið fé</b>			
Ójafnað tap .....	10	( 4.471.542.081)	( 3.851.709.467)
		<u>( 4.471.542.081)</u>	<u>( 3.851.709.467)</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Víkjandi lán frá Reykjanesbæ.....	11	2.368.220.002	2.016.685.241
Skuldir við lánastofnanir.....	11	4.396.167.156	4.267.719.573
Lífeyrisskuldbinding.....	12	62.099.713	57.265.570
		<u>6.826.486.871</u>	<u>6.341.670.384</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	13	9.421.215	10.845.017
Skuld við Reykjanesbæ.....	14	130.381.547	73.302.353
Aðrar skammtímaskuldir.....	13	78.724.964	72.753.210
Áfallnir vextir .....		58.047.064	68.144.268
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	13	231.868.576	169.812.623
		<u>508.443.366</u>	<u>394.857.471</u>
Skuldir		<u>7.334.930.237</u>	<u>6.736.527.855</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>2.863.388.156</u>	<u>2.884.818.388</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarniðurstaða.....		( 650.503.476)	( 667.074.903)
<b>Rekstrarhreyfingar sem hafa ekki áhrif á handbært fé:</b>			
Afskriftir.....	6	46.034.891	46.246.829
Afskrift viðskiptakrafna.....	9	12.891.754	2.534.918
Óbein afskrift skammtímakrafna, breyting.....	9	( 11.553.146)	( 8.105.830)
Sölutap (hagnaður) fastafjármuna.....	6	0	( 279.684)
Verðhækkun langtímalána.....		255.114.084	280.551.139
Vaxtagjalddagar á höfuðstól langtímalána.....		202.491.322	56.259.758
Skuldbindingar, breyting.....	12	7.695.553	3.449.837
<b>Hreint veltufé til rekstrar</b>		<u>( 137.829.018)</u>	<u>( 286.417.936)</u>
<b>Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:</b>			
Rekstrartengdar eignir, lækkun (hækkun).....		6.894.555	154.100.430
Rekstrartengdar skuldir, hækkun (lækkun).....		( 8.410.662)	( 69.725.760)
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<u>( 139.345.125)</u>	<u>( 202.043.266)</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum .....	6	( 3.903.727)	( 14.505.198)
Seldir fastafjármunir.....	6	0	597.610
		<u>( 3.903.727)</u>	<u>( 13.907.588)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Nýjar langtímaskuldir .....	11	260.816.051	1.033.574.592
Afborganir langtímaskulda .....	11	( 176.383.160)	( 798.354.108)
Skammtímaskuld við Reykjanesbæ, breyting.....	14	57.079.194	( 12.434.524)
		<u>141.512.085</u>	<u>222.785.960</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		( 1.736.767)	6.835.106
Handbært fé í upphafi árs.....		8.885.008	2.049.902
Handbært fé í lok árs.....	9	<u>7.148.241</u>	<u>8.885.008</u>



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Reykjaneshöfn er stofnun sveitarfélags og starfar á grundvelli hafnalaga nr. 61/2003.

Reykjaneshöfn er þjónustufyrirtæki sem veitir ýmsa þjónustu tengda útgerðum, fiskvinnslum og flutningum á sjó. Auk þess veitir höfnin atvinnufyrirtækjum á iðnaðarsvæðinu í Helguvík þjónustu.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Reykjaneshafnar fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning tekna

Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Tekjuskattur

Stofnanir sveitarfélaga eru undanþegnar tekjuskatti. Tekjuskattur er því ekki reiknaður og færður í ársreikninginn.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Reykjaneshöfn innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 2 sem fjallar um færslu á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Reykjaneshöfn færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis en þó eigi herra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur hafnarinnar eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

# Skýringar

## 2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

### Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluverði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

### Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2013	2012
Laun .....	64.052.670	58.890.524
Launatengd gjöld .....	18.875.047	13.755.487
Annar starfsmannakostnaður .....	488.623	496.180
	<u>83.416.340</u>	<u>73.142.191</u>
	2013	2012
Almenn laun og annar starfsmannakostnaður .....	76.483.201	65.441.623
Laun vegna ísafgreiðslu .....	6.216.521	6.911.889
Laun vegna dráttar- og hafnsögubáts.....	716.618	788.679
	<u>83.416.340</u>	<u>73.142.191</u>
Stöðugildi að meðaltali .....	7	7

Heildarlaun og þóknarir til stjórnenda félagsins á árinu 2013 námu 13,7 milljónum króna en 13,5 milljónum króna árið 2012.

# Skýringar

## 4. Fjármunatekjur

	2013	2012	Fjárhags- áætlun 2013
Vaxtatekjur .....	1.022.373	904.723	400.000
	<u>1.022.373</u>	<u>904.723</u>	<u>400.000</u>

## 5. Fjármagnsgjöld

	2013	2012	Fjárhags- áætlun 2013
Vextir og verðbætur langtímalána.....	(654.231.296)	(648.522.917)	(642.423.000)
Önnur vaxtagjöld .....	<u>(1.317.262)</u>	<u>(1.599.089)</u>	<u>0</u>
	<u>(655.548.558)</u>	<u>(650.122.006)</u>	<u>(642.423.000)</u>

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Yfirlit um hafnarmannvirki og framlög ríkissjóðs og afskriftir:

	Hafnar- mannvirki	Framlög ríkissjóðs	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun .....	3.112.381.104	(470.062.926)	2.642.318.178
Afskrifað áður .....	<u>(783.005.532)</u>	<u>294.180.158</u>	<u>(488.825.374)</u>
Bókfært verð í ársbyrjun .....	2.329.375.572	(175.882.768)	2.153.492.804
Viðbót á árinu .....	3.903.727	0	3.903.727
Afskrifað á árinu .....	<u>(50.003.205)</u>	<u>7.826.059</u>	<u>(42.177.146)</u>
Bókfært verð í árslok .....	<u>2.283.276.094</u>	<u>(168.056.709)</u>	<u>2.115.219.385</u>

Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Hafnsögu- og dráttarbátur	Áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun .....	43.847.081	66.725.631	41.983.060	152.555.772
Afskrifað áður.....	<u>(14.934.215)</u>	<u>(34.977.309)</u>	<u>(31.152.769)</u>	<u>(81.064.293)</u>
Bókfært verð í ársbyrjun .....	28.912.866	31.748.322	10.830.291	71.491.479
Afskrifað á árinu .....	<u>(871.028)</u>	<u>(1.481.738)</u>	<u>(1.504.979)</u>	<u>(3.857.745)</u>
Bókfært verð í árslok .....	<u>28.041.838</u>	<u>30.266.584</u>	<u>9.325.312</u>	<u>67.633.734</u>

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignir.....	34.355.000	89.050.000	28.041.838
Hafnarmannvirki .....		4.993.262.000	2.115.219.385
Hafnarsögu- og dráttarbátur .....		56.755.000	30.266.584

# Skýringar

## 7. Lóðir og lendur

	Lóðir og lendur
Stofnverð í ársbyrjun .....	481.320.863
Endurmat á árinu .....	30.670.862
Bókfært verð í árslok .....	<u>511.991.725</u>

Reykjaneshöfn innleiddi á árinu 2010 álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 2 sem fjallar um færslu á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Við innleiðinguna voru lóðir og lendur sem höfnin hefur leigutekjur af endurmetnar til gangvirðis, en þó eigi herra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti í samræmi við álit 2 frá Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga. Allar matsbreytingar vegna endur mats umfram 5% breytingu á árinu eru færðar á eiginfjárreikning.

## 8. Efnisbirgðir

Efnisbirgðir samanstanda af þremur efnishaugum í Helguvík og stendur til að nota efnið í hafnargerð á árinu 2015 eða síðar.

## 9. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2013	31.12.2012
Viðskiptakröfur .....	42.869.919	62.656.228
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna .....	(11.735.937)	(23.289.083)
	<u>31.133.982</u>	<u>39.367.145</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

Staða í ársbyrjun .....	23.289.083	31.394.913
Breyting afskriftasjóðs á árinu .....	1.338.608	(5.570.912)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu.....	(12.891.754)	(2.534.918)
Staða í árslok .....	<u>11.735.937</u>	<u>23.289.083</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

### Handbært fé

	31.12.2013	31.12.2012
Bankainnstæður og sjóðir .....	7.148.241	8.885.008
	<u>7.148.241</u>	<u>8.885.008</u>

# Skýringar

## 10. Eigið fé

	Ójafnað tap
Ójafnað tap 1.1.2012 .....	(3.231.818.167)
Endurmat lóða og lenda .....	47.183.603
Tap ársins .....	<u>(667.074.903)</u>
Ójafnað tap 1.1.2013 .....	(3.851.709.467)
Endurmat lóða og lenda .....	30.670.862
Tap ársins .....	<u>(650.503.476)</u>
Ójafnað tap 31.12.2013 .....	<u>(4.471.542.081)</u>

## 11. Langtímaskuldir

	Víkjandi lán frá Reykjanesbæ		Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2013	31.12.2012	31.12.2013	31.12.2012
Skuldir í ISK .....	<u>2.368.220.002</u>	<u>2.016.685.241</u>	<u>4.628.035.732</u>	<u>4.437.532.196</u>
	2.368.220.002	2.016.685.241	4.628.035.732	4.437.532.196
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(231.868.576)</u>	<u>(169.812.623)</u>
Langtímaskuldir í árslok .....	<u><u>2.368.220.002</u></u>	<u><u>2.016.685.241</u></u>	<u><u>4.396.167.156</u></u>	<u><u>4.267.719.573</u></u>

Afborðanir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við Reykjanesbæ 31.12.2013	Skuldir við lánastofnanir 31.12.2013
Afborðanir 2014 .....	0	231.868.576
Afborðanir 2015 .....	0	238.580.083
Afborðanir 2016 .....	0	2.152.469.900
Afborðanir 2017 .....	0	179.347.922
Afborðanir 2018 .....	0	187.288.946
Afborðanir síðar .....	<u>2.368.220.002</u>	<u>1.638.480.305</u>
	<u>2.368.220.002</u>	<u>4.628.035.732</u>

## 12. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin nemur kr. 62.099.713 í árslok 2013 samkvæmt tryggingafræðilegu mati og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram launahækkunir. Hækkun skuldbindingarinnar nam kr. 4.834.143 og er færð til gjalda í rekstrarreikningi.

# Skýringar

## 13. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	31.12.2013	31.12.2012
Viðskiptaskuldir .....	9.421.215	10.845.017
	<u>9.421.215</u>	<u>10.845.017</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

Ógreitt tryggingagjald .....	680.727	655.431
Ógreiddur staðgreiðsluskattur .....	2.713.990	2.558.556
Áfallið orlof .....	2.861.410	0
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur .....	109.404	29.438
Hafnsögusjóður .....	580.377	580.377
Ógreiddur virðisaukaskattur .....	3.929.056	1.078.491
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	67.850.000	67.850.000
Aðrar skuldir .....	0	917
	<u>78.724.964</u>	<u>72.753.210</u>

### Næsta árs afborganir langtímaskulda

Skuldir við lánastofnanir .....	231.868.576	169.812.623
	<u>231.868.576</u>	<u>169.812.623</u>

## 14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

	Langtíma- skuldir 31.12.2013	Langtíma- skuldir 31.12.2012	Skammtíma- skuldir 31.12.2013	Skammtíma- skuldir 31.12.2012
Reykjanesbær, móðurfélag (víkjandi lán) .....	2.368.220.002	2.016.685.241	79.078.587	10.277.024
Reykjanesbær, móðurfélag .....	0	0	51.302.960	63.025.329
	<u>2.368.220.002</u>	<u>2.016.685.241</u>	<u>130.381.547</u>	<u>73.302.353</u>
Viðskipti við tengd Reykjanesbæ, móðurfélag:			Viðskipti 2013	Viðskipti 2012
Fasteignagjöld, húsaleiga og önnur þjónusta .....			25.257.281	27.701.295
Vextir vegna víkjandi láns .....			205.355.041	148.348.027
			<u>230.612.322</u>	<u>176.049.322</u>

Reykjaneshöfn telst til B-hluta stofnana hjá Reykjanesbæ og er að fullu í eigu bæjarsjóðs og ber bæjarsjóður Reykjanesbæjar fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum hafnarinnar.

Á árinu lánaði Reykjanesbær félaginu um 151,8 milljónir króna í formi víkjandi láns. Um er að ræða viðauka við lánveitingu við víkjandi lán sem voru veitt á árunum 2011 og 2012. Gjaldldagi lánsins er 15. maí 2027 og greiðist lánið upp með einni greiðslu. Þessu til viðbótar voru áfallnir vextir að fjárhæð um 116 milljónum króna fyrir tímabilið 1/6 2012 til 1/6 2013 færðir á höfuðstól víkjandi lána frá 2011 og 2012 skv. ákvæðum sammingsins.

Meðal skammtímaskulda er færð skuld vegna áfallinna vaxta langtímaláns að fjárhæð um 79,1 milljón króna.

## 15. Rekstrarhæfi

Samkvæmt rekstrarreikningi Reykjaneshafnar nam tap ársins 650,5 milljónum króna, samkvæmt efnahagsreikningi var eigið fé hafnarinnar neikvætt um 4.471,5 milljónir króna og er eiginfjárhlutfall hafnarinnar neikvætt sem nemur 156%.

Skammtímaskuldir eru 508,4 milljónir króna í árslok. Veltufjármunir í árslok eru um 38,3 milljónir króna og veltufjárhlutfall um 0,08. Handbært fé til rekstrar á árinu 2013 var um 139,3 milljónir króna sem var fjármagnað með víkjandi láni frá Reykjaneshöfn og lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Eins og fram hefur komið hér að ofan er fjárhagsstaða Reykjaneshafnar erfið. Við útgáfu nýrra skuldabréfa á árinu 2011 skuldbatt Reykjaneshöfn sig til þess að hlíta nokkrum skilmálum. Meðal annars ber Reykjaneshöfn að lána höfninni í formi víkjandi lána, fasteignaskatta sem bæjarsjóður innheimtir af höfninni og atvinnufyrirtækjum sem starfa á atvinnusvæði Reykjaneshafnar á hverju ár. Reykjaneshöfn skuldbatt sig einnig til að þess að láta Reykjaneshöfn fá 25% af söluandvirði eignarhlutar í HS Veitum hf.

Reykjaneshöfn hefur gert fjárhagsáætlun þar sem gert er ráð fyrir tekjum af kísilveri sem áætlað er að muni rísa í Helgúvík auk tekjum af lóðarsölu vegna vatnsverksmiðju. Óvissa hefur ríkt varðandi framkvæmdir Stakksbrautar 9 ehf. við kísilver í Helgúvík en raforkusamningur er undirritaður en beðið er eftir staðfestingu á fjármögnun. Gert er ráð fyrir að fjármögnun vegna vatnsverksmiðju muni ljúka í lok mars 2014 og framkvæmdir muni hefjast um sumarið 2014.

Í fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar 2014 er gert ráð fyrir að afborganir af lánum frá Lánasjóði sveitarfélaga verði fjármagnaðar með nýrri lántöku. Einnig er gert ráð fyrir að Reykjaneshöfn leggi til höfninni fjármagn í formi víkjandi láns vegna sölu á hlut bæjarins í HS Veitum hf en sú fjármögnun er í formi víkjandi láns í samræmi við skilmála við endurfjármögnun hafnarinnar sem gerð var á árinu 2011.

Miðað við framangreint, tekjur vegna kísilvers og vatnsverksmiðju skili sér til hafnarinnar á árinu auk fjármagns frá Reykjaneshöfn og endurfjármögnunar á afborgunum Lánasjóðs sveitarfélaga mun Reykjaneshöfn geta greitt afborganir lána og vexti á árinu 2014.

Stjórn og framkvæmdastjóri væntir að nýtt stjórnarfrumvarp um hafnalög sem lagt var fram á alþingi þann 11. desember 2013 muni tryggja aðkomu ríkisins að hafnarframkvæmdum og uppbyggingu innviða vegna atvinnustarfsemi í Helgúvík. Jafnframt er Helgúvík komin inn á stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014 - 2017 í tillögu að þingsályktun sem lögð var fyrir Alþingi 20. desember 2013.

Reykjaneshöfn ber alla ábyrgð á skuldum og skuldbindingum Reykjaneshafnar samkvæmt 16. gr. hafnarlaga.

Óvissa ríkir um rekstrarhæfi Reykjaneshafnar vegna erfiðrar fjárhagstöðu en reikningsskil hennar eru gerð miðað við að forsendan um rekstrarhæfi sé til staðar.

## 16. Ábyrgðir og önnur mál

Vinur GK 96 ehf. stendur í málaferlum við Reykjaneshöfn í Héraðsdómi Reykjaness. Málið varðar bótakröfu félagsins á hendur Reykjaneshöfn vegna tjóns á bát vegna bruna. Forsvarsmenn Reykjaneshafnar hafa alfarið hafnað kröfum félagsins. Eftir málshöfðun hefur Vinur GK 96 ehf. verið úrskurðað gjaldþrota en skiptastjóri félagsins heldur málinu áfram á árinu 2014.

Reykjaneshöfn gerði samning um lóðagjöld ásamt verkefnum vegna lóðarinnar að Stakksbraut 9 í Helgúvík á árinu 2012. Samningsupphæðin er kr. 362.100.000 og var fyrsti gjalddagi samningsins 30. desember 2012. Samkvæmt samningnum eru samningsaðilar sammála um að gjalddagar geti breyst ef samningar um kaup á raforku vegna fyrirhugaðrar kísilverksmiðju í Helgúvík eru ekki frágengnir og bindandi. Þar sem raforkusamningur hefur ekki verið fullnustaður hafa engar greiðslur borist. Framkvæmdir hafnarinnar vegna þessa samnings eru ekki hafnar. Þar af leiðandi var ekki unnt að innleysa tekjur vegna samningsins á árinu 2013.

Reykjaneshöfn úthlutaði Brúarfoss hf. 50.000 m<sup>2</sup> lóð fyrir starfsemi vatnsverksmiðju að Stakksbraut 6, þann 14. nóvember 2012. Stefnt er að vatnsútflutningi til Þróunarlanda í Afríku og mun það hafa mikla þýðingu fyrir rekstur Reykjaneshafnar á komandi árum. Reiknað er með að fjármögnun verkefnisins ljúki í lok mars 2014 og framkvæmdir við lóðina hefjist sumarið 2014. Efni úr lóðinni mun nýtast til hafnagerðar við flæðigröfju ofl.

# Skýringar

## 17. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 7. mars 2014.

## 18. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi:	2013	2012	2011
<b>Arðsemi</b>			
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) .....	50.057.600	28.389.209	109.094.372
a) Framlegðarhlutfall rekstrar .....	0,23	0,16	0,39
a) EBITDA/rekstrartekjur			
<b>Úr efnahagsreikningi:</b>			
	31.12.2013	31.12.2012	01.01.2012
<b>Nýting fjármagns</b>			
b) Veltuhraði eigna .....	0,08	0,06	0,09
c) Veltuhraði viðskiptakrafna .....	5,13	6,97	4,23
b) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna			
c) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna			
<b>Greiðsluhæfi</b>			
d) Veltufjárhlutfall .....	0,08	0,12	0,38
d) Veltufjármunir/skammtímaskuldir			
<b>Fjárhagslegur styrkur</b>			
e) Eiginfjárhlutfall .....	-156%	-134%	-107%
e) Eigið fé/heildarfjármagn			
<b>Úr sjóðstreymi ársins:</b>			
	2013	2012	2011
f) Skuldaþekja handbærs fjár .....	(0,02)	(0,03)	(0,02)
f) Handbært fé frá (til) rekstrar/skuldir			

## 19. Sjóðstreymisyfirlit

	2013	2012	2011	2010	2009
Tap ársins.....	(650.503.476)	(667.074.903)	(557.441.291)	(437.599.815)	(504.934.063)
Afskriftir.....	46.034.891	46.246.829	48.976.543	40.622.438	40.943.583
Afskrift viðskiptakrafna.....	12.891.754	2.534.918	9.205.909	0	2.133.255
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	457.605.406	336.810.897	241.772.680	91.759.929	290.432.978
Aðrar breytingar.....	(3.857.593)	(4.935.677)	(129.208.696)	2.349.070	10.968.054
<b>Hreint veltufé til rekstrar</b>	<b>(137.829.018)</b>	<b>(286.417.936)</b>	<b>(386.694.855)</b>	<b>(302.868.378)</b>	<b>(160.456.193)</b>
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum.....	6.894.555	154.100.430	36.308.602	(7.060.888)	106.139.759
Rekstrartengdum skuldum.....	(8.410.662)	(69.725.760)	206.889.496	81.985.972	(56.586.210)
<b>Handbært fé til rekstrar</b>	<b>(139.345.125)</b>	<b>(202.043.266)</b>	<b>(143.496.757)</b>	<b>(227.943.294)</b>	<b>(110.902.644)</b>